# LEIÐBEININGAR

## COVID 19 SJÁLFSPRÓF

COVID-19 ANTIGEN RAPID TEST



Skyndipróf / sjálfspróf / hraðpróf sem er ætlað til greiningar á COVID-19 veirunni í nefi einstaklings. Prófið er mjög auðvelt í notkun og sýnir niðurstöður á 15 - 20 mínútum.

### Hver pakki inniheldur

- Sýnatökupinna
- Lausn til blöndunar
- Sýnaglas
- Prufuspjald



### Leiðbeiningar

1. Losið plasthettuna af sýnaglasinu (plast-tappinn virkar einnig sem dropateljari)
2. Snúið tappann af vökvalausninni.
3. Hellið lausninni í sýnaglasið.
4. Takið sýnatökupinnann úr umbúðum, takið pinnann úr umbúðum á handfangi pinnans, prufuendinn á að koma síðastur úr umbúðum.
5. Stingið sýnatökupinnanum c.a. 2,5 cm inn í nösina og snúið honum þar 5 sinnum. Pinninn þarf að fara upp í báðar nasir.
6. Stingið sýnatökupinnanum ofan í sýnaglasið (nuddið pinnanum upp og niður) í vökvanum í 20 sekúndur og haldið honum svo við botninn á sýnatökuglasinu og snúið honum 5 sinnum.
7. Takið sýnatökupinnann upp úr lausninni og lokið sýnaglasinu með plast-tappanum vel og vandlega.
8. Opnið pakkann með prufuspjaldinu, setjið 3 dropa á sýnasvæðið á spjaldinu sem er merkt “S”.
9. Bíðið í 15 - 20 mínútur eftir að niðurstaða birtist á spjaldinu. Athugið að ekki er mark takandi á niðurstöðu fyrr en eftir þennan biðtíma.

# Niðurstöður

Niðurstöður prófsins birtast á eftirfarandi máta.

**Neikvæð niðurstaða:** Ef að þú finnur fyrir einkennum ættir þú að fara í frekari prófun með RT-PCR prófi.

**Jákvæð niðurstaða:** Sýni sjálfspróf jákvæða niðurstöðu skal viðkomandi staðfesta niðurstöðuna með RT-PCR prófi og einangra sig þar

**Gallað:** Ef ekkert strik birtist í “**C**” eða bara í “**T**”þá er prófið gallað. Þá þarf viðkomandi að taka nýtt próf.




*** Athugið, ef að einstaklingur fær jákvætt svar úr skyndiprófinu ber viðkomandi aðila að tilkynna sig inn til yfirvalda og fá staðfestingu með PCR prófi sóttvarnaryfirvalda.



Hestháls 12 | 110 Reykjavík | Sími 510 1200 | tandur@tandur.is | www.tandur.is